



Stjórnarfundur UÍA – 29. jan 2020. kl, 17.30

Dagskrá

Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar sem var 26.11.2019 samþykkt með dúndrandi lófaklappi.

Desember verkefni Snæfell

blaðið kom út á réttum tíma og allt gekk þokkalega vel, auglýsingar gengu betur en á síðasta ári. Allir reikningar fóru út fljótlega á eftir blaðinu. Stjórnarmenn ánægðir með blaðið.

Verkefni framundan

- *Sambandsþing UÍA.*

Stefnt að sambandsþingi UÍA 28.mars eða 4.apríl, skoðað betur á næsta fundi.

- *Farandþjálfun og starfsmaður.*

Rætt um starfsmannamál sumarsins og hvenær sé tímabært að auglýsa. Stjórn sammála um að athuga hvort Gréta Sóley hafi áhuga aftur. Gassi tekur að sér að heyra í henni. Og eftir það verði auglýst eftir starfsmanni.

- *Sumarhátíð UÍA.*

verður haldin 10.-12. Júlí 2020

- *Tour De Ormurinn.*

Tour de Ormurinn athuga með 15 ágúst 2020- Gassi kemur til með að heyra í Gunnþórunni í Fljótsdal til að athuga hvort þeir stefni á einhverja hátíð álíka og þau voru með síðasta sumar. Væri gaman að geta flétt þetta eitthvað saman en spurning hvort það sé hægt með tilliti til umferðar og fleira.

- *Fleiri verkefni*

Landsmót UMFÍ 50 + fer fram 19-22 júní í Borgarnesi.

Íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi 26-28 2020

Unglingalandsmót um verslunarmannahelgi á Selfossi.

Írlandsverkefnið sem gert er ráð fyrir 25 maí – 2 júní og seinni partinn í ágúst, í samvinnu við ME, Hildur Bergsdóttir hefur umsjón með verkefninu. Enn á eftir að finna einhvern frá okkur með henni, Benedikt Jónsson er að íhuga málið.

Frá síðasta fundi.

Rætt var um frjálsíþróttamót, eins og var hér fyrir nokkrum árum alltaf haft í lok janúar á Fáskrúðsfirði, ekki stemmari fyrir því að svo stöddu.

Fyrirlestrar einnig rætt á síðasta fundi- Gunnar formaður hefur verið í sambandi við Auði og þeirra á milli kom upp sú hugmynd að sniðugt gæti verið að fá fyrirlestur frá Æskulýðsvettvangnum sem er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK og slysavarnafélagsins Landsbjargar. Fyrirlesturinn kallast einelti og önnur óæskileg hegðun og hefur Sema Erla Serdar farið með það erindi víða.

Umsóknir um styrki

- *Góðan dag, eins og þið eflaust vitið að þá varð Einherji 90 ára á árinu, í tilefni þess að þá byrjaði Bjartur Aðalbjörnsson að skrásetja sögu félagsins frá upphafi og til ársins í dag. Þetta er gríðarlega mikið verk og kostnaðarsamt. Að sama skapi ótrúlega mikilvægt. Því veltum við því hjá Einherja fyrir okkur hvort að umsókn í fræðslusjóð ÚÍA sé möguleiki. Kostnaðurinn felst í mynbandsgerð, skráningu, skönnun mynda og upplýsingasöfnun, Einnig er ferðakostnaður og annað í tengslum við heimildarmynd um félagið gríðarlega mikill. Við viljum því óska eftir ykkar hjálp.*

Kær kv Víglundur

Gunnar Gunnarsson gerir grein fyrir heimsókn sinni til umf. Einherja í tilefni 90 ára afmælis félagsins. Félaginu var færður blómvöndur en jafnframt ákveðið að eitthvað fleira yrði gert. Stjórn samþykkir að færa Einherja 50.000,- styrk, peningarnir verða teknar af rekstri.

- *Sælt veri fólkið*

Var að spá í hvort það komi einhver stuðningur upp í kostnað við að fara á Glímusambandsþingið í formi styrks vegna ferðakostnaðar að minnsta kosti.

Með kveðju Guðjón M,Formaður glímuráðs UMF Vals Reyðarfirði

UIA hefur styrkt félög til að fara á sérsambandsþing. Stjórn sammála um að veita 40 þúsund króna styrk við slík tækifæri.

- *Ég sæk hér með um styrk vegna ferðakostnaðar við þátttöku í RIG (Reykjavík International Games) fyrir Viktor Ívan Vilbergsson kt. 161005-2740. Viktori var boðið að taka þátt í 600 m hlaupi á þessu móti sem er alþjóðlegt boðsmót. Einnig sæk ég um styrk vegna þátttöku á MÍ (meistaramóti Íslands 15 – 22 ára) sem haldið var 25.-26.jan í Kaplakrika.*

Vilberg Marínó Jónasson

- *Góðan dag*

Meðfylgjandi er beiðni til UÍA um fararstyrk fyrir Björgu á Reykjavíkurlaikana.

Að neðan er staðfesting á greiðslu flugsins.

Kær kveðja

Jóney Jónsdóttir

Reykjavík International Games er afreksíþróttamót þar sem keppt er í meira en 20 einstaklingsíþróttagreinum. Og þar er íþróttafólki sem hefur skarað fram úr á seinasta ári boðið að spreyta sig. Stjórn óskar þessu unga og efnilega frjálsíþróttafólki innilega til hamingju með boðið á mótið og samþykkir að styrkja hvort þeirra um 20.000,-

Önnur mál.

Stefnt að næsta fundi mánudaginn 17. febrúar

Fundi slitið 19:30

Fundagerð ritaði Pálína Margeirsdóttir.